

Lög

**um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt
launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993,
lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002,
og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.**

I. KAFLI

**Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan
Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögnum kemur: 1. janúar 2012.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002,
með síðari breytingum.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „nánustu aðstandenda“ í 1. mgr. kemur: íslensks ríkisborgara eða.
- b. Við 6. mgr. bætist: eða um sé að ræða nánasta aðstandanda íslensks ríkisborgara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögnum:

- a. Í stað orðanna „14. gr.“ kemur: 22. gr.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ kemur: 1. janúar 2012.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002,
með síðari breytingum.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögnum:

- a. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í 1. og 2. másl. kemur: 1. janúar 2012.

- b. Orðin „og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendings til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins“ í 2. málsl. falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 18. desember 2008.